

Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2022

15.3.2023

1. Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2022

Í ágúst 2017 setti Íslandsbanki fram stefnu um sölu eigna bankans. Markmið stefnunnar er að stuðla að gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni við ákvarðanatöku bankans um sölu eigna og efla þannig traust fjárfesta og viðskiptavina til bankans og sýna ráðvendni gagnvart hagsmunaaðilum. Stefnunni er jafnframt ætlað að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu fyrir bankann sem kann að felast í sölu eigna og hámarka endurheimtur krafna við sölu fullnustueigna.

Í 5. gr. stefnunnar segir að árlega skuli birta á heimasíðu bankans samantekt um fylgni bankans við stefnuna síðastliðna 12 mánuði ásamt upplýsingum um frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufæri, ef einhver eru.

Í þessari skýrslu er fjallað um eignir bankans sem voru til sölu eða voru seldar á árinu 2022. Skýrslan tekur til móðurfélags bankans og dótturfélaga, annarra en þeirra sem stunda sjálf eftirlitsskylda starfsemi.

2. Eignir til sölu í árslok 2022

Alls voru 14 fullnustueignir Íslandsbanka til sölu 31. desember 2022. Bókfært verðmæti þeirra var um 727 milljónir króna. Fullnustueignir til sölu skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði milljónir króna
Íbúðir	3	37
Atvinnuhúsnæði	4	683
Lóðir	3	2
Bifreiðar	4	5
Samtals	14	727

3. Seldar eignir á árinu 2022

Á árinu 2022 seldi Íslandsbanki 29 fullnustueignir. Heildar bókfært virði þessara eigna nam um 408 milljónum króna. Seldar fullnustueignir skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði milljónir króna
Íbúðir	9	302
Atvinnuhúsnæði	2	29
Lóðir	4	32
Bifreiðar	11	13
Jarðir	2	6
Aðrar eignir	1	26
Samtals	29	408

Á árinu 2022 seldi Íslandsbanki og dótturfélög hans hlutabréf í einu skráðu félagi og einu óskráðu félagi fyrir samtals 292 milljónir króna.

4. Undantekningar frá opnu sölufarli

Í stefnu bankans um sölu eigna kemur fram að í undantekningartilvikum kunni hagsmunir bankans að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag við sölu eigna. Slíkt geti helgast af því að opið sölufarli brjóti gegn lögvörðum hagsmunum bankans eða viðskiptalegar eða samningsbundnar takmarkanir komi í veg fyrir að slíkt ferli verði viðhaft. Slíkar takmarkanir kunna að vera t.d. ákvæði hluthafasamkomulaga eða samþykka um forkaupsrétt, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða áætlað söluverðmæti viðkomandi eignar telst ekki réttlæta kostnað við opið sölufarli eða vegna annarra augljósra hagsmuna bankans. Endursala til gerðarþola fellur ekki undir undantekningar frá opnu sölufarli.

Kveðið er á um að frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufarli skuli vera rökstudd og skráð. Slík frávik eru jafnframt háð sérstöku samþykki stjórnar bankans. Á árinu 2022 voru eftirfarandi frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufarli:

- Eitt félag var selt með frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufarli. Salan var samþykkt í stjórn bankans. Um var að ræða fullnustueign þar sem sölufarli var langt á veg komið þegar bankinn tók eignina yfir. Til staðar voru viðskiptasamningar sem settu sölufarli ákveðnar skorður og var það mat stjórnenda bankans að hagsmunum bankans yrði best borgið með því að klára sölufarlið sem þegar var hafið frekar en að hefja ferlið að nýju enda var talið að þannig væri hagsmunum bankans best borgið.